# Miðja máls og læsis

Fjölmenningarráð 28. febrúar 2024

MML
miðja máls og læsis

# Hvað er Miðja máls og læsis?

Miðja máls og læsis er **þekkingarteymi á vegum Reykjavíkurborgar** sem fer á vettvang og veitir kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi málþroska, læsi, íslensku sem annað mál, fjöltyngi og fjölmenningu.

https://mml.reykjavik.is/

MML
miðja máls og læsis

# Styrkurinn liggur í teyminu

Hóf störf 1. ágúst 2016 með fjórum mál- og læsissérfræðingum

Brúarsmiðir komu til starfa haustið 2017

Sérfræðingar vegna íslensku sem annars tungumáls hófu störf haustið 2019 og 2021

Verkefnastjórar fjölmenningar í skóla- og frístundastarfi fluttust til MML áramótin 2022

Haustið 2023 bættust við tveir ráðgjafar vegna barna með rofna skólagöngu í tímabundið verkefni



Vorið 2024 starfa 14 ráðgjafar sem sinna fjölbreyttum verkefnum hjá MML

MML
miðja máls og læsis

# Markmið Miðju máls og læsis

- að **efla fagmennsku** kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi með **ráðgjöf, símenntun og stuðningi** við markviss vinnubrögð með mál og læsi og fjölbreytta starfs- og kennsluhætti.

- að **tryggja aðgengi** alls stafsfólks og kennara í skóla- og frístundastarfi að **ráðgjöf og stuðningi** við fagleg vinnubrögð með mál og læsi og fjölbreytta starfs- og kennsluhætti.

MML
miðja máls og læsis

# Íslenska fyrir öll

- styðja leikskólakennara og starfsfólk leikskóla við að **byggja upp ríkulegt mál- og læsisumhverfi** í öllum leikskólum borgarinnar
- styðja starfsfólk í frístundastarfi við að **nýta þau tækifæri** sem liggja í starfi á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum til að vinna með mál og læsi
- styðja grunnskólakennara og starfsfólk í grunnskólum við **að þróa og beita** kennsluháttum sem reynast best við lestrarkennslu í blönduðum nemendahópi og vinnu með læsi í víðum skilningi
- standa fyrir námskeiðum og fræðslufundum fyrir starfsfólk og kennara í skóla- og frístundastarfi
- halda úti vef með **fræðsluefni og leiðbeiningum** um vinnu með mál og læsi
- auka færni kennara beggja skólastiga við að efla mál og læsi allra barna með sérstaka áherslu á börn sem **ljóst er að þurfa stuðning**
- skapa vettvang fyrir **tengslanet** starfsfólks og kennara í skóla- og frístundastarfi sem hittist reglulega til að miðla og afla nýrrar þekkingar
- auka þekkingu og færni kennara beggja skólastiga til að **vinna með foreldrum** að því að efla mál og læsi á íslensku og fjölbreyttum móðurmálum
- veita kennsluráðgjöfum og starfsfólki skóla ráðgjöf vegna framkvæmdar, úrvinnslu niðurstaðna og eftirfylgni vegna **skimana**.

# Brúarsmiðir bjóða einnig

- **ráðgjöf og fræðslu** til foreldra og kennara vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
- **stuðning** vegna barna sem eru að koma ný inn í skólakerfið eða eru að flytjast á milli skólastiga
- **millimenningarfræðslu**
- **kennsluráðgjöf**



# Sýnishorn af heimasíðu MML



# Nýjung Torgið

Torgið er nýtt fræðslukerfi í Reykjavík. Boðið er upp á bæði staðnámskeið og fjarnámskeið auk fræðslu sem starfsfólk sækir þegar því hentar, á þeim hraða sem því hentar.

Miðja máls og læsis vinnur að gerð fræðsluefnis til að styrkja fagfólk sem vinnur að móttöku og gagnkvæmri aðlögun nýrra nemenda á Íslandi, samskiptum og samvinnu við foreldra auk fjölbreyttra námskeiða.

T.d. er unnið að gerð fræðsluefnis og myndbanda um áfallamiðaða nálgun í skólastarfi og myndbanda til að sporna við rasisma og haturstjáningu.




MML
miðja máls og læsis

# Aðgengi

Allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi getur haft samband og óskað eftir ráðgjöf og stuðningi á netfanginu **mml@reykjavik.is**

Við minnum einnig á fjölbreytt hagnýtt og fræðilegt efni á heimasíðu okkar **https://mml.reykjavik.is/**


**MIÐJA MÁLS OG LÆSIS**
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111

Reykjavík